

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) var haldinn miðvikudaginn 16. mars 2011 kl. 18.15 í Gullteigi á Grand Hótel.

Helgi Magnússon, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 11. febrúar og 16. mars. Upplýsingar um ársfundinn komu jafnframt fram í starfsauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 19. febrúar. Einnig var sett tilkynning á heimasíðu sjóðsins um ársfundinn. Lýsti hann því fundinn lögmetan. Fundarstjóri lagði síðan til að Margrét Kristinsdóttir, deildarstjóri lífeyrisdeildar sjóðsins, yrði fundarritari og var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Helgi Magnússon formaður flutti skýrslu stjórnar. Sagði hann m.a. að það væri ánægjulegt að geta greint frá því að sjóðurinn hefur rétt sinn hlut og sé á góðri leið að ná fyrri styrk. Heildareignir sjóðsins námu 310 milljörðum króna í árslok 2010 og jukust um 27 milljarða á árinu. Þrátt fyrir erfitt árferði hefði markmið um ávöxtun náðst á árinu 2010 en nafnávöxtun nam 6,1% sem jafngildir 3,4% hreinni raunávöxtun. Ávöxtunin er því nær jöfn þeirri ávöxtun sem gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegu uppgjöri hans. Þessi árangur þýðir að ekki er tilefni til að endurskoða lífeyrisréttindi.

Formaður benti á að þótt vel hefði gengið á árinu 2010 væri sjóðurinn þó ekki kominn á lygnan sjó. Sagði hann að nú væri verið að takast á við eftirköst hrunsins í stað áfallsins sjálfs. Vandinn sem við blasir er að finna vænlega fjárfestingarkosti fyrir fjármuni sjóðfélaga. Of hægt gengur að byggja upp atvinnulífið og stórfamkvæmdir hafa ekki litið dagsins ljós.

Sagði hann það styrkja eignasafn sjóðsins að þriðjungur eigna er í dreifðu safni erlendra verðbréfa. Við gildandi gjaldeyrishöft eru möguleikar takmarkaðir á að

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

nýta slíka áhættudreifingu með eins skilvirkum hætti og æskilegt er. Aðgerðir sem styðja við afnám gjaldeyrishafta í náninni framtíð eru því hagsmunamál sjóðfélaga og mun sjóðurinn leita eftir þátttöku í verkefnum og fjárfestingum sem geta stuðlað að afnámi haftanna.

Formaður sagði að í maí 2010 hafi sjóðurinn ásamt fleiri lífeyrissjóðum fest kaup á hluta af þeim íbúðabréfum sem Seðlabanki Íslands bauð til kaups í lokuðu útboði. Um var að ræða verðtryggð skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs gegn endurgjaldi í evrum. Kjör bréfanna voru hagstæð en þau voru seld á 7,2% fastri ávöxtunarkröfu, en það eru mun betri kjör en fást á innlendum verðbréfamarkaði. Fjárfestingin féll einnig vel að fjárfestingarstefnu sjóðsins og bætti jafnvægi milli eigna og skuldbindinga hans. Réttlætanlegt þótti því að innleysa hluta af erlendum eignum sjóðsins til að greiða fyrir viðskiptin. Að mati Seðlabanka Íslands voru viðskiptin mikilvægur áfangi í áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta.

Þá sagði hann að LV væri aðili að nýlegu samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila. Í samkomulaginu felst að sjóðfélögum sem eru með skuldir hjá sjóðnum og eru með áhvilandi heildarskuldir umfram 110% af verðmæti fasteignar býðst að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti hennar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Nokkur þeirra verkefna sem LV tók þátt í á árinu 2010 urðu tilefni gagnrýni úr ýmsum áttum, jafnvel harðrar gagnrýni. Hæst bar þar annars vegar viðræður um framangreindar verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila, viðræður við stjórnvöld um fjármögnun vegaf framkvæmda og loks starfsemi Framtakssjóðs Íslands, sem sjóðurinn á aðild að. Greina mátti vel í þeirri umræðu hve algengt það er, að almenningur geri sér takmarkaða grein fyrir hvaða lög og reglur gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Þess varð sérstaklega vart í tengslum við skuldavanda heimilanna, að jafnvel fjölmiðlamenn gerðu ekki greinarmun á lífeyrissjóðunum og öðrum fjármálastofnunum og áttuðu sig ekki á því að starfsmönnum og stjórnnum sjóðanna ber að verja og varðveita eignir sjóðfélaga og er ekki heimilt að gefa hana eftir. Því getur það ekki staðist lög að ráðstafa eignum sjóðfélaga til þess að greiða skuldir annarra. Slíkt er því einungis mögulegt þegar ljóst er að ekki sé unnt að

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

innheimta skuldina. Þess vegna má undrast þá áherslu sem stjórnvöld lögðu á að lífeyrissjóðirnir tækju á sig byrðar sem þeim var í raun og veru óheimilt að axla.

Formaður vék að því að lífeyriskerfin væru tvö og misjöfn í þeim skilningi að annars vegar er um að ræða almenna lífeyrissjóði, þar sem LV er stærstur og svo sjóði með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Almennu sjóðirnir verða að vera sjálfbærir og því hafa þeir þurft að skerða réttindi á síðustu tveimur árum vegna áfalla í samfélaginu. Opinberir sjóðir skerða hins vegar ekki réttindi en mynda þess í stað halla. Væru þessir sjóðir skildir eftir án ríkisábyrgðar, eins og almennu lífeyrissjóðirnir eru, yrðu þeir ógjaldfærir innan fárra ára. Nú þegar vantar á fimmta hundrað milljarða til að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins standist tryggingafræðilegar kröfur um getu til lífeyrisgreiðslna. Þetta er risastórt áhyggjuefni og þá sýnir reynslan ótvírætt að hættulegt er að falla frá þeirri stefnufestu, varfærni og ábyrgð gagnvart sjóðfélögum sem hefðbundið stjórnunarform lífeyrissjóðanna um áratugaskeið hefur tryggt og skilað þeim árangri að almennu lífeyrissjóðirnir eru einu fjármálastofnanir landsins sem standa traustum fótum þrátt fyrir efnahagsáföll liðinna ára.

Formaður greindi frá því að stjórn LV hefði verið óbreytt á síðasta ári og allt þar til þann 11. mars sl. að Ragnar Önundarson, varaformaður stjórnar, hafi sagt af sér stjórnarsetu og sagt sig úr stjórn Framtakssjóðs Íslands. Þetta gerði Ragnar vegna umfjöllunar fjölmiðla um samkeppnismál sem tengdust fyrra starfi hans. Formaður þakkaði að lokum Ragnari og öðrum stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Jafnframt þakkaði hann fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins öllu starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf á liðnu ári.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

a) Ársreikningur fyrir síðasta starfsár

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2010. Í ræðu hans kom m.a. fram að eignir til greiðslu lífeyris námu 310 milljörðum í árslok 2010 samanborið við 283 milljarða árið áður. Ávöxtun á árinu var 6,1% sem samsvarar 3,4% raunávöxtun.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Starfsemi sjóðsins á árinu 2010 var að flestu leyti hagfelldari í samanburði við árið á undan. Tryggingafræðileg staða batnaði á árinu og er með þeim hætti að lífeyrisréttindi sjóðfélaga verða ekki skert, en þau eru að fullu verðtryggð.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 15,9 milljörðum í samanburði við 16,3 milljarða á árinu 2009 og lækkuðu því um 2,2% á liðnu ári. Á greiðslugrunni hækkuðu iðgjöldin hins vegar um 1,5%.

Lífeyrisgreiðslur námu 6,8 milljörðum en 6,9 milljörðum árið 2009. Þar af nam ellilífeyrir 4.133 milljónum, greiðslur úr séreignardeild 461 milljón og örorkulífeyrir 1.606 milljónum. Lífeyrisþegar voru 10.024 um síðustu áramót og fjölgaði um 7% á síðasta ári. Þar af þáðu 5.756 ellilífeyri og 2.477 örorkulífeyri.

Fjárfestingartekjur námu 18,1 milljarði en á árinu 2009 voru þær 25,5 milljarðar. Sjóðurinn færði á árinu 2010 varúðarfærslu vegna skuldabréfa samtals að fjárhæð 1,3 milljarðar.

Rekstrarkostnaður vegna fjárfestinga nam á síðasta ári 237 milljónum. Annar rekstrarkostnaður nam 266 milljónum og aðrar tekjur 67 milljónir. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 1,29% af iðgjöldum eða 0,07% af eignum sem er með því lágsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna en framangreind hlutföll miðast við skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins. Þegar fjárfestingargjöldum er bætt við er kostnaðarhlutfallið 0,15% af eignum. Hjá lífeyrissjóðnum starfa nú 29 starfsmenn. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2010 var 29,0 samanborið við 29,3 árið áður.

Lífeyrissjóðurinn hefur ávallt leitast við að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri. Til marks um það hefur á undanförunum níu árum tekist að halda nánast sama starfsmannafjölda þrátt fyrir að umfang hafi aukist mikið og starfsumhverfi sjóðsins sé flóknara en áður var. Þjónusta við sjóðfélaga, lífeyrisþega og launagreiðendur er margþætt. Alls greiddu liðlega 7 þúsund fyrirtæki iðgjöld til sjóðsins vegna tæplega 47 þúsund sjóðfélaga. Fjöldi lífeyrisþega var að meðaltali

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

um 10.000, þar af 9.700 í sameignardeild og 300 í séreignardeild. Aukið umfang var hjá innheimtudeild sjóðsins vegna aukinna iðgjaldavanskila og töluverð vinna hefur verið hjá lánadeild við að leysa úr greiðsluvanda vegna sjóðfélagalána.

Fjárfestingar, eða verðbréfaeign sjóðsins auk eignarhluta í Húsi verslunarinnar námu 299,1 milljarði. Verðbréf með breytilegum tekjum námu 109,7 milljörðum, þar af námu erlend verðbréf 97 milljörðum og innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini 12,7 milljörðum. Verðbréf með föstum tekjum, þ.e. skuldabréf námu 175,5 milljörðum í árslok og þar af eru útistandandi lánveitingar til sjóðfélaga og önnur veðlán 43,3 milljarðar. Bankainnstæður bundnar lengur en í þrjá mánuði og aðrar fjárfestingar námu 13,6 milljörðum.

Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar í árslok síðasta árs var með þeim hætti að ríkistryggð skuldabréf námu 28% af verðbréfaeign, sjóðfélagalán 12%, markaðsverðbréf banka, sveitarfélaga og fjárfestingalánasjóða voru 8% eignarinnar, skuldabréf fyrirtækja 5%, innlend hlutabréf 4% og erlend verðbréf námu 30% af verðbréfaeigninni. Þá voru bankainnstæður 13% eigna.

Á árinu 2010 voru færðar alls 1.296 milljónir í varúðarfærslu en fjárhæð framlagsins hafði ekki teljandi áhrif á afkomu sjóðsins á liðnu ári. Um er að ræða sérstaka varúðarfærslu vegna sjóðfélagalána einkum í tengslum við samkomulag stjórnvalda og lánveitenda á íbúðamarkaði um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila. Sérstök viðbótar niðurfærsla í afskriftarreikning vegna skuldabréfa útgefin af innlendum fyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum var óveruleg á árinu.

Samanlögð niðurfærsla skuldabréfa nam 18,6 milljörðum um síðustu áramót. Þar af eru 2,1 milljarður vegna sjóðfélagalána, 9,3 milljarðar vegna skuldabréfa banka og sparisjóða og 7,2 milljarðar vegna skuldabréfa fyrirtækja.

Sjóðurinn ráðstafaði 62,1 milljarði til lánveitinga og verðbréfakaupa og seldi verðbréf fyrir 31,9 milljarða. Kaup verðbréfa umfram sölu nam því 30,2 milljörðum. Skuldabréfaviðskipti námu 54,5 milljörðum á liðnu ári. Skuldabréfakaup námu 44,7 milljörðum og sala skuldabréfa 9,8 milljörðum. Keypt

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

voru skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs fyrir 29,6 milljarða. Þar af voru keypt skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 24 milljarða og önnur ríkistryggð skuldabréf fyrir 5,6 milljarða. Kaup á skuldabréfum sveitarfélaga og fyrirtækja með ábyrgð sveitarfélaga námu 9,1 milljarði. Skuldabréf fyrirtækja námu 2,9 milljörðum og lánveitingar og skuldbreytingar til sjóðfélaga 3,2 milljörðum. Um síðustu áramót nam skuldabréfaeignin 175,5 milljörðum eða 53% af verðbréfaeign.

Innlend hlutabréfaviðskipti sjóðsins námu 6,5 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í hlutabréfum fyrir 6,5 milljarða en sala hlutabréfa var óveruleg. Um síðustu áramót nam hlutabréfaeign sjóðsins 12,7 milljörðum eða 3,9% af verðbréfaeign.

Erlend verðbréfaviðskipti námu 33 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í erlendum verðbréfum fyrir 10,9 milljarða og seldi erlend verðbréf fyrir 22,1 milljarð. Erlend verðbréfaeign um sl. áramót nam 97,1 milljarði samanborið við 104,2 milljarða í árslok 2009 og er nú 29,7% af verðbréfaeign.

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga gagnvart föllnu bönkunum er enn óviss. Metin brúttóskuld sjóðsins í árslok 2010 með áætluðum vöxtum eru 19,3 milljarðar og er sú fjárhæð færð í efnahagsreikningi undir liðnum skuldir við lánastofnanir. Sjóðurinn telur að framangreint mat á áhrifum samninganna sé byggt á bestu vitneskju, miðað við stöðu við gerð ársreiknings en bendir á óvissu um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins getur það leitt til breytinga á hreinni eign og haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Ekki er útilokað að málið verði útkljáð fyrir dómstólum fallist viðkomandi slitastjórnir bankanna ekki á rök sjóðsins í málinu.

Ávöxtun á árinu 2010 var 6,2% sem samsvarar 3,5% raunávöxtun. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 6,1% sem samsvarar 3,4% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er -2,0%, síðustu 10 ára 2,4% og 20 ára 4,7%.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir. Þannig hefur sjóðurinn tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Langtíma raunávöxtun sjóðsins fyrir fjármálakreppuna, þ.e. á árunum 1988 til og með 2007 var að meðaltali 6,7% á ári. Fjármálakreppan hefur haft í för með sér að meðalraunávöxtun á árunum 1991 til og með 2010 er að meðaltali 4,7% á ári. Þrátt fyrir það er 20 ára meðalraunávöxtun sjóðsins því yfir 3,5% raunávöxtun sem miðað er við í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða.

Iðgjöld til séreignardeildar námu 532 milljónum á árinu 2010 samanborið við 505 milljónir árið áður. Lífeyrisgreiðslur námu 461 milljón en voru 1.011 milljónir árið 2009. Þar af námu greiðslur á liðnu ári vegna tímabundinnar lagaheimildar til einstaklinga til að taka út séreignarsparnað 337 milljónum.

Heildareignir á reikningum í séreignardeild námu 6,3 milljörðum í árslok samanborið við 6 milljarða í árslok 2009. Alls áttu tæplega 41 þúsund einstaklingar inneignir í séreignardeild. Rekstrarkostnaður séreignardeildar er með því lægsta meðal lífeyrissjóðanna eða 0,07% af eignum. Hrein nafnávöxtun verðbréfaleiðar var 6,1% sem svarar til 3,4% raunávöxtunar. Hrein nafnávöxtun innlánsleiðar var 5,8% eða 3,1% raunávöxtun.

b) Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri greindi frá því að tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2010 sýnir að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar um 19,9 milljarða eða um 3,4%. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Áfallnar skuldbindingar umfram eignir í árslok eru 7,9 milljarðar eða 2,5% og sé horft til framtíðarskuldbindinga er staðan 12 milljarðar eða 4,5%. Þannig er munurinn milli áfallinnar stöðu og framtíðar stöðu minni en mörg undanfarin ár. Með þessu er verið að tryggja að ávinnsla lífeyrisréttinda greiðandi sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega endurspegli sem best tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

c) Fjárfestingastefna og fjárhagsáætlun 2011

Framkvæmdastjóri greindi frá því að fjárfestingastefna sjóðsins fyrir árið 2011 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 23. nóvember 2010. Í fjárfestingastefnunni kemur m.a. fram að viðmið um eignaskiptingu eru að hámarki eftirfarandi: Innlán í bönkum og sparisjóðum 15%, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs 50%, skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga 5%, skuldabréf banka, sparisjóða og annarra lánastofnana 20%, fasteignaveðtryggð skuldabréf 25%, hlutabréf 60% og önnur verðbréf 15%.

Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum skulu að hámarki nema 50% af eignum. Eignarhluti sjóðsins í einstökum hlutafélögum takmarkast við 15%, þó getur eignarhlutur í innlendum samlagshlutafélögum numið allt að 20%.

Þá greindi hann frá fjárhagsáætlun ársins 2011. Áætlað er að lánveitingar til sjóðfélaga verði 5 til 10% af ráðstöfunarfé, kaup á skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs verði 20 til 35%, skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga verði 5 til 15%, skuldabréf lánastofnana verði 0 til 15%, skuldabréf fyrirtækja og önnur verðbréf verði 10 til 20%, til innlendra hlutabréfakaupa verði varið 25 til 40% og 10 til 20% verði varið til kaupa á erlendum verðbréfum. Fjárhagsáætlunin er sífellt til endurskoðunar eftir aðstæðum á fjármálamörkuðum.

d) Ákvörðun um stjórnarlaun

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ákvörðun um laun stjórnar. Sagði hann að laun stjórnarmanna frá 1. janúar 2011 væru 85.500 kr. á mánuði og fengi formaður tvöföld stjórnarlaun og varaformaður ein og hálföld stjórnarlaun. Stjórnarlaunin voru lækkuð um 10% í ársbyrjun 2009 og hafa síðan verið óbreytt.

Að lokum þakkaði hann samstarfsfólki sínu fyrir gott samstarf og formanni og stjórn þakkaði hann ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Að endingu þakkaði hann, fyrir hönd starfsmanna sjóðsins, þeim fjölmörgu sjóðfélögum sem leituðu til sjóðsins með málefni sín á liðnu ári fyrir ánægjuleg samskipti.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

3. Umræður og önnur mál

Kristinn Örn Jóhannesson formaður VR tók til máls og þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir góðan árangur í rekstri sjóðsins á liðnu ári. Sagði hann að sjóðurinn starfi í erfiðu fjárfestingarumhverfi því fáir möguleikar væru til fjárfestinga. Taldi hann mikilvægt að standa vörð um lífeyrissjóðina og einnig þyrfti að huga að frekari sameiningu lífeyrissjóða. Þá taldi hann mikilvægt í komandi kjarasamningum að leiðrétta þann ójöfnuð í ávinnslu lífeyrisréttinda sem er hjá þeim sem starfa á almennum vinnumarkaði samanborið við opinbera starfsmenn.

Ásta Rut Jónasdóttir stjórnarmaður í LV tók til máls og þakkaði einnig fyrir góða rekstrarafkomu á liðnu ári. Sagði hún mikilvægt að læra af þeim áföllum sem þjóðfélagið hefði orðið fyrir og m.a. þyrfti að efla siðferðisvitund því reiði og ófagleg umræða mun ekki færa okkur betri lífeyrissjóð. Þá sagði hún mikilvægt að sjóðfélagar standi vörð um lífeyrissjóðinn.

Sigrún Unnsteinsdóttir spurðist fyrir um hver væri hlutur LV í þeim 700 milljörðum sem uppá vantar að lífeyrissjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar.

Úlfur Sigurmundsson sem er lífeyrisþegi hvatti stjórn sjóðsins til þess að auka enn frekar vægi erlendra verðbréfa í eignasafni sjóðsins.

Ragnar Þór Ingólfsson stjórnarmaður í VR tók til máls og taldi að óvissa væri í mati á skuldabréfum í ársreikningi sjóðsins. Spurðist hann fyrir um mat á skuldabréfi útgefnu af Skiptum hf. í eigu sjóðsins. Jafnframt spurðist hann fyrir um nánari sundurliðun á varúðarniðurfærslu skuldabréfa fyrirtækja að fjárhæð 7,2 milljarðar í árslok 2010. Þá spurðist hann fyrir um kröfuhafa gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðsins og hvenær vænta má niðurstöðu vegna þeirrar óvissu sem er varðandi samningana. Þá hvatti hann lífeyrissjóðinn til að auka vægi erlendra verðbréfa í eignasafninu en þó þannig að ekki verði gerðir nýir gjaldmiðlavarnarsamningar.

Guðmundur Ingi Kristinsson örorkulífeyrisþegi tók til máls og spurðist fyrir um umsýslukostnað vegna erlendra verðbréfa samhliða því sem hann ítrekaði beiðni um svör við spurningum sem hann lagði fram á síðasta ársfundi.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ragnar Þór Ingólfsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi tvær tillögur fyrir fundinn:

1. „Ársfundur LV samþykkir að lagt skuli fyrir stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins, að upplýsa um alla fjármálagerninga sem gerðir hafa verið í nafni sjóðsins og nema hærri upphæð en kr. 150.000.000 á árunum 2004-2011. Skal rækilegt yfirlit sett saman um þetta og gert sjóðfélögum aðgengilegt á heimasíðu sjóðsins. Jafnframt skal þeim sjóðfélögum sem óska nánari upplýsinga um einstaka fjármálagerninga sem eru umfram framangreinda fjárhæð, veittar allar upplýsingar og gögn er að einstökum viðskiptum lúta.“
2. „Fyrirhuguð er málsókn fyrir dómstólum þar sem leitast verður við að fá skorið úr um persónulega ábyrgð einstakra stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóðsins. Aðalfundur LV samþykkir að kosta málsókn Ragnars Þórs Ingólfssonar sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verslunarmanna á málefnum er varða gjaldmiðlasamninga og lánveitingar lífeyrissjóðsins til tengdra aðila á árunum 2004-2011. Samþykkir ársfundurinn að sjóðurinn greiði málskostnað vegna málsóknar Ragnars Þórs Ingólfssonar, enda skili hann ítarlegu yfirliti um skiptingu kostnaðarins að málarekstri loknum.“

Sturla Jónsson spurðist fyrir um hæfismat stjórnarmanna hjá FME.

Helgi Magnússon svaraði fyrirspurnum. Sagði hann m.a. að hlutur LV væri 19,9 milljarðar af þeim 700 milljörðum sem uppá vantar að lífeyrissjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar. Sagðist hann jafnframt vera sammála formanni VR um að halda þyrfti áfram að sameina lífeyrissjóði. Þá tók hann undir með Úlfi Sigurmundssyni og Ragnari Þór Ingólfssyni að auka vægi erlendra fjárfestinga, en til þess þarf fyrst að losna við gjaldeyrishöftin. Helgi sagðist bera fullt traust til endurskoðenda sjóðsins, bókhald sjóðsins væri traust og í ársskýrslunni væri mikið af gagnlegum upplýsingum um starfsemi sjóðsins.

Framkvæmdastjóri svaraði einnig fyrirspurnum. Sagði hann að kaup sjóðsins á íbúðabréfum af Seðlabankanum á ávöxtunarkröfunni 7,2% hefði haft þau jákvæðu

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

áhrif að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins um 0,9%. Þá sagði hann að skuldabréf í eigu sjóðsins útgefið af Skiptum hf. væri í fullum skilum en væntanlega kæmi til endurfjármögnunar á lokagjaldsdaga árið 2014. Taldi hann að minni óvissa væri í mati á skuldabréfaeign sjóðsins í ljósi varúðarniðurfærslna í skuldabréfasafninu. Þá sagði hann að kröfur á hendur sjóðnum vegna gjaldmiðlavarnarsamninga skiptist u.þ.b. til helminga á Kaupþing banka og Glitni banka. Framkvæmdastjóri sagði jafnframt að erlendur umsýslukostnaður sjóðsins væri breytilegur milli verðbréfasjóða og eftir eðli fjárfestinga.

Stefanía Magnúsdóttir stjórnarmaður í LV svaraði fyrirspurn varðandi hæfismat og sagði að samkvæmt reglum FME yrðu stjórnarmenn í lífeyrissjóðum kallaðir í hæfismat hjá eftirlitinu.


Bogi Þ. Siguroddsson stjórnarmaður í LV tók til máls og sagðist skilja vel þá reiði og það litla traust sem væri í samfélaginu. Sagði hann m.a. að á undanförunum tveimur árum hafi stjórn sjóðsins unnið að því auka enn frekar upplýsingagjöf lífeyrissjóðsins til sjóðfélaga.

Formaður tók til máls og lagði til að fyrri tillögu Ragnars Þórs Ingólfssonar yrði vísað til stjórnar sjóðsins. Varðandi seinni tillögu Ragnars, þá lagði formaður til að henni yrði vísað frá því samkvæmt samþykktum sjóðsins hefði ársfundurinn ekki heimild til að stofna til fjárskuldbindinga fyrir hönd sjóðsins.

Voru tillögur stjórnarformanns bornar undir atkvæði. Tillaga 1) um að sundurliðaðar upplýsingar um fjárfestingar yrði vísað til stjórnar var samþykkt með 57 atkvæðum gegn 9. Tillaga 2) um að vísa tillögu frá að sjóðurinn greiði kostnað við málsókn var samþykkt með 52 atkvæðum gegn 12.


Fleiri tóku ekki til máls. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 20.15.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA



Ólafur Gústafsson hrl.

fundarstjóri



Margrét Kristinsdóttir

fundarritari